



SORRENTO & CAPRÍ



13. – 20. september 2023

Fararstjórn: Hólmfríður Bjarnadóttir

**KVENNA
Ítalía**

Ferðalýsing

Glæsileg ferð til **Sorrento**, **Amalfístrandarinnar** og eyjunnar **Caprí** en þetta eru sannkallaðar draumaperlur **Ítalíu**. Ferðin byrjar með flugi til **Rómar** en þá bíður okkar hinn dásamlegi **Napólíflói** og **Sorrento**, eftirsóttasti ferðamannabær hans, þar sem við njótum ljúfra daga. Sorrento er hrífandi bær með þröngum, gömlum götum, fögrum kirkjum og glæstum byggingum og í bröttum hlíðunum vaxa ólífur-, appelsínu- og sítrónutré. Boðið verður upp á ævintýrlega siglingu til sæbratrar klettaeyjunnar **Caprí** þar sem siglt verður í **Bláa hellinn** og farið með stólalyftu upp á hæsta fjall eyjunnar, **Monte Solaro**. Það er hrífandi að koma til **Pompei** þar sem finna má eina af frægustu fornminjum veraldar og á leiðinni þaðan verður komið við hjá vínbónda við rætur eldfjallsins **Vesúvius**, þar sem boðið verður upp á hádegishressingu. Við bæði siglum og ökum með **Amalfíströndinni**, sem er ein fallegasta strönd Ítalíu, og komum við í bæjunum **Amalfí** og **Positano**. Einnig ætlum við að eiga yndislegan tíma í slökun, vera saman í skemmtilegum félagsskap og njóta náttúrudýrðar Sorrento við **Napólíflóa**, eins fallegasta flóa landsins.

8 dagar | 7 nætur í Sorrento



13. september | Flug til Rómar & Sorrento

Brottför frá Keflavík kl. 8:30 og mæting í Leifstöð u.þ.b. 2,5 klst. fyrir brottför. Lending í Róm kl. 15:00 að staðartíma. Þaðan er ekin falleg leið til Sorrento við Napólíflóa, eins fallegasta flóa landsins. Sorrento er hrífandi bær í bröttum hlíðum en þar vaxa ólífur-, appelsínu- og sítrónutré og þess má geta að Limoncello líkjörinn frægi kemur frá þessu svæði. Á þessum dásamlega stað verður gíst í sjö nætur á góðu hóteli en þaðan er glæsilegt útsýni yfir á Vesúvius eldfjallið.

14. september | Skoðunarferð í Sorrento við Napólíflóa & frjáls tími

Við ætlum að eiga skemmtilegan dag í Sorrento, einum eftirsóttasta ferðamannabænum á Sorrento skaganum. Eftir góðan morgunverð býður fararstjórinn upp á rölt um bæinn og eftir það er upplagt að kanna dásamlegt umhverfið í Sorrento á eigin vegum. Í bænum er fjöldinn allur af einstaklega heillandi, þröngum, gömlum götum, fögrum kirkjum, glæstum byggingum og ekki síður iðandi mannlífi.



15. september | Fornminjar í Pompei & snarl hjá vínbónda

Í dag er stefnan tekin til Pompei þar sem skoðaðar verða einhverjar frægustu fornminjar veraldar. Rústir gömlu Pompei eru eitt stórkostlegasta dæmið um fornleifauppgröft heillar byggðar og mun heimamaður leiða okkur í allan sannleikann um söguna. Eftir það verður komið við hjá vínbónda við rætur eldfjallsins Vesúvius, þar sem boðið verður upp á hádegishressingu

16. september | Sigling til Caprí

Glæsileg dagsferð yfir til Caprí, perlu Napólíflóans. Við skoðum fallegu eyjuna, siglum að Bláa hellinum, Grotta Azzurra, og förum upp til Caprí og Anacapri þar sem við njótum stórfenglegs útsýnis. Áhugasömum gefst tækifæri til að fara með stólalyftu upp á fjallið Monte Solaro. Jafnframt verður hægt að fá sér hressingu og skoða alls kyns handunnar vefnaðarvörur eins og kniplinga, dúka og fatnað.



17. september | Rólegheit & slökun í Sorrento

Þennan dag gefst heill dagur til þess að slaka á og njóta þess að vera á þessum yndislega stað. Sorrento er líflegur og skemmtilegur bær, þar er margt að skoða og tilvalið að kíkja í verslanir og á kaffi- og veitingahús. Einnig er hægt að slaka á við sundlaug hótelsins eða ganga með strandlengjunni.

18. september | Sigling & rúta með Amalfíströndinni



Haldið verður í töfrandi dagsferð um Amalfíströndina þar sem feegurðin er svo sannarlega einstök. Við hefjum daginn á ferð með smárútum með fram ströndinni og hvarvetna gefur að líta dásamlegt landslag á þessari fallegu leið til bæjarins Amalfí, þar sem við stoppum og skoðum okkur um. Á rölti um bæinn sjáum við fallega dómkirkju frá 10. öld, lífleg veitinga- og kaffihús og litlar verslanir sem gaman er að kíkja inn í. Því næst verður farið í hrifandi siglingu með

Amalfíströndinni til Sorrento en þaðan gefur að líta ægífastu útsýni yfir fallegustu strandlengju Ítalíu og sjáum við litskrúðug hús, hótél og smábæi sem hanga utan í klettabrúninni. Á þessari ljúfu siglingu verður áð í Positano, einum þekktasta og vinsælasta ferðamannabæ Amalfístrandarinnar, áður en siglt verður til Sorrento. Við mælum eindregið með því að gestir gæði sér á grilluðum sjávarréttum í hádeginu en þeir eru einn helsti sérreitur svæðisins.

19. september | Dagur í Sorrento

Dagurinn er tilvalinn til afslöppunar. Skemmtilegt er að upplifa bæinn og hinar gróðursælu ólífú-, appelsínu-, og sítrónuhæðir fyrir ofan hann með því að taka litlu lestina. Einnig er tilvalið að kíkja í verslanir og á kaffi- og veitingahús. Eftir hádegi er upplagt að nota aðstöðuna við hótelið eða fara niður að gömlu bátahöfninni en þar er úrval góðra veitingastaða. Svo er líka hægt að fara á fallegu baðströndina og taka sundsprett.



20. september | Heimflug frá Róm

Nú er komið að heimferð eftir yndislega daga og slökun. Eftir morgunverð verður ekið til Rómar. Á leiðinni verður stoppað til að fá sér hádegishressingu áður en ekið verður út á flugvöll. Brottför þaðan kl. 16:00. Áætluð landing í Keflavík kl. 18:45

Fararstjóri getur fært dagskrárliði á milli daga eftir þörfum þegar komið er á staðinn.

Verð

338.800 kr. á mann í tvíbýli | 88.600 kr. aukagjald fyrir einbýli.

Innifalið

- ✓ Flug með Icelandair og flugvallarskattar.
- ✓ Gisting í 2ja manna herbergi með baði.
- ✓ Morgun- og kvöldverður allan tímann á hóteli.
- ✓ Allar skoðunarferðir með rútu samkvæmt ferðalýsingu.
- ✓ Sigling til og frá Caprí og litlir strætisvagnar um Caprí.
- ✓ Sigling og ferð með smárútum meðfram Amalfíströndinni.
- ✓ Hádegissnarl hjá vínbónda
- ✓ Íslensk fararstjórn.



Ekki innifalið

- ✓ Aðgangseyrir inn í söfn, hallir og kirkjur.
- ✓ Hádegisverðir.
- ✓ Þjóf fé.
- ✓ Ferða- og forfallatryggingar.

Valfrjálst

- ✓ Aðgangur að fornminjum í Pompei u.þ.b. € 19.
- ✓ Blái hellirinn u.þ.b. € 30.
- ✓ Stólalyfta upp á Monte Solaro fjallið á Caprí u.þ.b. € 13.

